

Nd.

43. Frumvarp til laga

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að kaupa Bildudalseign.

Flm.: Bergur Jónsson.

Ríkisstjórninni heimilast að kaupa svokallaða Bildudalseign, ef hún nær hagkvæmum samningum við Útvegsbanka Íslands h/f, sem 1. veðhafa, og jafnvel taka eignina eignarnámi samkvæmt gildandi lögum, ef hún álitur það hagkvæmara.

Greinargerð.

Lóðir og lendur og mikið af húsum á Bildudal í Suðurfjarðahreppi er eign einstaks manns, sem skuldar bæði Útvegsbankanum og rikissjóði meira en hann fær við ráðið. Líf og atvinna þorpsbúa er undir því komin, að þeir hafi óhindraðan aðgang að eignum þessum, og með því að atvinnutæki þeirra hafa verið leigð hurt úr þorpinu, er lífsnauðsyn, að þeim sé gefinn kostur á vinnu, sem þeir geta framfleytt lífi sínu á. Ríkissjóður sýnist geta sett það sem skilyrði fyrir kaupunum, að hinn raunverulegi seljandi, Útvegsbanki Íslands h/f, láni nægilegt rekstrarfé til þess að sæmilegri atvinnu verði haldið uppi í þorpinu.

Nánar í framsögu.